

Reykjavík, 8. maí 2018

## **Stjórnvaldssekt vegna brota Arev verðbréfafyrirtækis hf. gegn 5. og 6. gr. laga nr. 108/2007 og 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007, sem og 142. gr. laganna**

Hinn 17. apríl 2018 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 5.700.000 krónur á Arev verðbréfafyrirtæki hf. (Arev, félagið) vegna:

- 1) grófra brota gegn 5. og 6. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og 1., 3. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. a-, c- og d-lið 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar, sem sett er á grundvelli 26. gr. laganna, og
- 2) brots gegn 142. gr. laganna, sbr. 5. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 728/2014 um heimild stofnunarinnar til að ljúka málum með samkomulagi um sátt.

### **Málsatvik**

Arev verðbréfafyrirtæki hf. er verðbréfafyrirtæki með starfsheimildir til að móttaka og miðla fyrirmælum frá víðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, veita eignastýringarþjónustu og sinna ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

Staðgengill regluvarðar Arev hætti störfum 19. maí 2016 og regluvörður hætti störfum 26. júlí 2016. Hinn 26. ágúst 2016 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt að stjórn Arev hefði samþykkt erindisbréf fyrir nýjan regluvörð á stjórnarfundum sama dag. Hinn 9. maí 2017 var Fjármálaeftirlitinu gert viðvart um að sá einstaklingur sem tilkynnt var um að stjórn hefði samþykkt erindisbréf fyrir, hefði í reynd ekki tekið að sér starfið.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að félagið hafði ekki gengið frá ráðningu nýs regluvarðar eða staðgengils hans, eftir að þeir hættu störfum í maí og júlí 2016. Arev tilnefndi fyrst nýjan regluvörð og staðgengil hans 8. júní 2017. Þannig liðu rúmum 10 mánuðir frá því að fyrri regluvörður hætti störfum og rúmt ár frá því að fyrrum staðgengill regluvarðar hætti störfum og þar til Arev gekk frá ráðningu nýrra aðila í júní 2017.

Með bréfi, dags. 9. september 2017, óskaði Arev eftir því að ljúka málinu með samkomulagi um sátt og féllst Fjármálaeftirlitið á það. Málsaðilar rituðu undir samkomulag um sátt hinn 12. desember 2017 en samkvæmt samkomulaginu skuldbatt Arev sig m.a. til að greiða stjórnvaldssekt. Arev greiddi ekki sektarfjárhæðina innan umsamins tímafrests og féll samkomulagið þar með úr gildi.

### **Niðurstaða**

Markmið regluvörslueininga innan fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfavíðskipta er að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana og aðgerða sem fyrirtækið grípur til, til að bæta úr ef misbrestur verður á því að það uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum. Þannig stuðlar skilvirk regluvarsla að því að fjármálafyrirtæki starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum með trúverðugleika fjármálamarkarins og hagsmuni víðskiptavina að leiðarljósi.

Regluvarsla er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækis og þáttur í eftirlitskerfi þess. Það er hlutverk regluvörslu að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni tiltekinnna ráðstafana fjármálafyrirtækis og aðgerða sem gripið er til, til að bæta úr ef misbrestur verður á því að fjármálafyrirtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Þá er það hlutverk regluvörslu að taka við tilkynningum starfsmanna vegna gruns um markaðsmisnotkun og innherjasvik og greina Fjármálaeftirlitinu frá slíkum grunsemdum. Regluvarsla hefur einnig eftirlitshlutverki að gegna hvað varðar stefnur og ferla fjármálafyrirtækis vegna verðbréfavíðskipta, flokkun víðskiptavina og mat á hæfi víðskiptavina og tilhlýðileika fjármálaþjónustu, upplýsingagjöf til víðskiptavina, framkvæmd fyrirmæla og bestu framkvæmd víðskipta, ráðstöfunum vegna hagsmunaárekstra o.fl. Fjármálaeftirlitið bendir á að það er hagur fjármálamarkaðarins, fjárfesta, fjármálafyrirtækja, hluthafa, stjórnarmanna og starfsmanna þeirra að starfsemi regluvörslueininga sé skilvirk, enda stuðlar það að því að fyrirtæki starfi í samræmi við lög og reglur sem og stundi eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið leggur því ríka áherslu á að viðhalda skilvirkni regluvörslueininga í ljósi hlutverks þeirra í innra eftirlitskerfi fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Arev verðbréfafyrirtæki hf. hefði brotið gróflega gegn 5. og 6. gr. vvl. og 1., 3. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007 með því að hafa ekki gengið frá ráðningu regluvarðar með óyggjandi hætti þegar fyrrum regluvörður félagsins hætti störfum 26. júlí 2016 fyrr en 8. júní 2017 og þar með vanrækt að koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu, vanrækt skyldu sína til að hafa eftirlit með og meta reglulega hæfi og skilvirkni innri eftirlitskerfa sinna og grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á annmörkum. Þá vanrækti stjórn eftirlitshlutverk sitt við að meta og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum, með því að grípa ekki til aðgerða vegna regluvörslu Arev á því tímabili sem um ræðir.

Fjármálaeftirlitið komst einnig að þeirri niðurstöðu að Arev verðbréfafyrirtæki hf. hefði brotið gegn 142. gr. vvl. með því að greiða ekki sektarfjárhæð samkvæmt samkomulagi um sátt innan umsamins tímabrests. Með háttsemi sinni braut Arev gegn fyrrnefndu samkomulagi um sátt.

### **Ákvörðun sektarfjárhæðar**

Við ákvörðun sektarfjárhæðar vegna grófra brota á 5. og 6. gr. vvl. voru þau markmið ákvæðanna höfð að leiðarljósi að stuðla að góðum víðskiptaháttum fjármálafyrirtækja, þ.m.t. traustu og faglegu skipulagi til að tryggja hagsmuni víðskiptavina. Horft var til þess að regluvarsla er eitt af grundvallaratriðum í innra skipulagi fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfavíðskipta. Þá var tekið tillit til umfangs starfsemi Arev, þess að brotin stóðu yfir í langan tíma og að þrátt fyrir fulla vitund stjórnenda dróst að bæta úr. Þá var einnig litið til þess að um var að ræða fyrsta brot Arev gegn fyrrnefndum ákvæðum. Við ákvörðun sektarfjárhæðar vegna brots á 142. gr. vvl. var litið til eðlis brotsins. Með hliðsjón af eðli og umfangi framangreindra brota, atvikum máls að öðru leyti og veltu Arev hvað varðar brot gegn 5. og 6. gr. vvl., ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að leggja stjórnvaldssekt á félagið að fjárhæð 5.700.000 krónur.